
Fornleifaskráning í Lyngdal í Grímsnesi vegna fyrirhugaðrar skógræktar



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS1018-24311

Reykjavík 2024

Fornleifastofnun Íslands



Á forsíðu er mynd af leið ÁR-422:024, horft til suðurs. Ljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Verkefnanúmer MÍ: 3367

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var í október 2024 fyrir Gjögurtá ehf vegna fyrirhugaðrar skógræktar í Lyngdals, sem áður var hluti jarðarinnar Bjarkar í Grímsnesi. Deiliskipulagsreiturinn er um 100 ha að stærð. Fornleifastofnun Íslands hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu en engin fornleif var þekkt innan þessa svæðis. Við skráninguna fundust þrjár fornleifar sem allar teljast í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð: Fornleifaskráning, Grímsnes- og Grafningshreppur, Gjögurtá, Björk, Lyngdalur

Summary

This report details the findings of a detailed archaeological survey conducted in October 2024 on behalf of Gjögurtá ehf in Grímsnes- og Grafningshreppur in preparation for planned forestry development. The planning area was 100 ha, within the boundaries of the farm Lyngdalur. During the survey tree archaeological sites were identified within the proposed forestry area. Both were considered at high risk of disturbance because of the proposed forestry.

Keywords: Detailed archaeological survey, Grímsnes- og Grafningshreppur municipality,

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
ÁR-422 Björk	13
ÁR-701 Fornleifar á fleiri en einni jörðu	13
5. Helstu niðurstöður	15
Heimildir	17
Viðauki I: Minjakort	18



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

1. Inngangur

Í október 2024 vann Fornleifastofnun Íslands fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar skógræktar innan Lyngdals (sem var áður hluti af jörðinni Björk) í Grímsnesi. Skráningin náði til um 100 ha deiliskipulagsreits og var unnin að beiðni Gjörurtáar ehf (sjá mynd 2). Svæðið sem nú er tekið út er annar áfangi af nokkrum, en gert er ráð fyrir að taka stærra svæði undir skógrækt á næstu árum og vinna skipulag vegna þess í nokkrum áföngum.¹



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er alls um 100 ha og afmarkast af blárrí línu á myndinni. Rauðu línurnar sýna skráðar leiðir innan þess.

Aðalskráning fornleifa var unnin fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp á árunum 1996-2001. Árið 2016-2018 var aðalskráningin endurskoðuð, þ.e. kortagögn og loftmyndir voru yfirfarin og var að auki unnin afmörkuð vettvangsvinna á völdum svæðum.² Engin fornleif var þekkt innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar. Umrædd skráning var aðalskráning,

¹ Jörundur Gauksson, munnleg heimild.

² Orri Vésteinsson og Birna Lárusdóttir 1999; Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson 2001; Birna Lárusdóttir 2002; Birna Lárusdóttir 2017.

þar sem einungis er gengið á þekkta staði og þeir skráðir en ekki deiliskráning líkt og gert er krafa um vegna skipulagstengdra framkvæmdaverkefna en þar er m.a. gerð krafa um þaulgöngur um svæði og uppmælingu allra yfirborðsminja. Við skráninguna 2024 var farið skipulega yfir úttektarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar mældar upp. Við skráninguna komu í ljós tvær fornleifar innan marka skipulags. Ragnheiður Gló Gylfadóttir, fornleifafræðingur, vann skráninguna fyrir hönd Fornleifastofnunar. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Ragnheiði og hún sá ennfremur um úrvinnslu og ritun þessarar skýrslu. Loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Þar á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan deiliskipulagsreitsins. Í lok skýrslu eru helstu niðurstöður skráningarinnar síðan eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru að finna heimildaskrá og minjakort sem sýnir skráðar minjar innan skráningarsvæðisins.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og

kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagaðblettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk

Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

SF-175-009

Sveinshlaða


tóft

hlaða

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimilaskrá

Hætta sem steðjar að fornleif

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu. Þær fornleifar sem eru utan áhrifasvæðis eru með óbreyttu hættumat úr fyrri skráningu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-422 Björk

28 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1920: Tún 7,2 ha, þar af slétt um 2/3. Garðar 960 m².

“Bærinn stendur á brekkubrún mót suðaustri. Túnin eru að mestu norðan og austan við bæinn. Mestur hluti landsins er móaland sem hækkar upp til Lyngdalsheiðar. Mýrlendi er helst suðaustast í landareigninni og valllendi hér og þar.” Sunnlenskar byggðir III, 128.

ÁR-422:024 gata leið

A 413030 N 403290

Greinileg gata hlykkjast norðvestur-suðaustur, á milli þjóðleiða ÁR-701:050 og ÁR-701:042 um 1,6 km norðan við bæ 001. Leiðin tengdi þessar þjóðleiðir saman en virðist ekki hafa verið fjölfarin. Hún er ekki merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Leiðin var rakin innan jarðarinnar Lyngdals en henni tilheyrir norðvesturhluti gömlu Bjarkarjarðarinnar. Þar er fyrirhuguð skógrækt.

Á þessum slóðum er mólendi sem hækkar upp til norðurs að Lyngdalsheiði. Víða eru hæðir en inn á milli lækir og deiglendir bollar.

Leiðin var rakin á alls um 1 km löngum kafla þar sem hún hlykkjast norðvestur-suðaustur í gegnum fyrirhugað skógræktarsvæði. Hún nær lengra til austurs en leiðin var ekki skoðuð þar. Leiðin er að mestu 1-2 rásir sem eru greinilegar á um 0,5-1 m breiðu svæði. Rásin hlykkjast í gengum mólendi, er um 0,2-0,3 m djúp og mold er enn í botni hennar.

Hættumat: mikil hætta, vegna trjáræktar



Mynd 4: Leið ÁR-422:024, horft til norðurs.

ÁR-701 Fornleifar á fleiri en einni jörðu

Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Grímsneshreppi.

ÁR-701:050_01 gata leið

A 412963 N 403253

Á herforingjaráðskorti 47 frá árinu 1910 sést leið liggja til norðurs frá bænum Björk og enda skammt sunnan við Stangarlæk. Framhald leiðarinnar sést vel norðan við Stangarlæk í landi Þóroddstaða. Hún fjarar út í deiglendi nærri landamerkjum við Efra-Apavatn en sameinaðist líklega Lyngdalsgötum ÁR-415:047 skammt austar. Leiðin var fyrst rakin innan svæða sem kallast Álfadalur og Álfheimar, þ.e. skógræktarsvæða í landi Þóroddsstaða og Neðra-Apavatns. Síðar var hún rakin norðarlega í landi Bjarkar innan skógræktarsvæðis þar. Leiðin liggur um gróna heiði, mosi og lyng eru þar áberandi. Víða er deiglendi og lækjarrásir inn á milli holta. Leiðin var fyrst rakin innan svæða sem kallast Álfadalur og Álfheimar, þ.e. skógræktarsvæða í landi Þóroddsstaða og Neðra-Apavatns. Hún hlykkjast nánast norður-suður og sést vel á köflum. Innan Álfheima var þegar búið að herfa svæðið áður en skráningin fór fram og leiðin horfin af þeim sökum. Á loftmynd mátti þó rekja hana á tæplega 60 m löngum kafla, milli Stangarlækjar að norðan og annars lækjar til suðurs. Innan Álfadals sést leiðin enn vel og var rakin um 340 m löngum kafla. Hún er víða ógreinileg en það má greina 2-5 rásir þar. Hún er um 0,2-0,3 m á dýpt og gróin í botninn sem bendir til þess að hún sé fremur forn. Leiðin sker sig ekki úr þýfðu holtinu en verður umfangsmeiri eftir því sem norðar dregur. Í landi Bjarkar var leiðin rakin á rúmlega 1 km löngum kafla en þar er fyrirhuguð skógrækt. Greinilegt er að leiðin er klofin, vestari hlutinn er framhald leiðarinnar þar sem hún liggur frá Þóroddstöðum, en eystri hlutinn er einungis innan þess svæðis sem skoðað var í landi Bjarkar. Göturarnar sameinast aftur utan þess svæðis sem var til athugunar. Eystri eiðin sést fast austan við vegslóða sem plægður var vegna fyrirhugaðar skógræktar. Slóðinn liggur ennfremur eftir götunum að hluta með



Mynd 5: Leið ÁR-701:050, horft til NNV.

tilheyrandi raski. Það má greina nokkrar rásir sem liggja norður-suður, þær eru um 0,2 m á dýpt og beiðust er leiðin um 2-3 m. Umfang hennar er ekki mikið og greinilegt að vestari hluti leiðarinnar var fjölfarnari.

Hættumat: mikil hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Hkort 47 Skálholt NV

ÁR-701:052 gata leið



Mynd 6: Leið ÁR-701:052, horft til austurs.

A 412674 N 403255

Leið liggur til norðvesturs frá leið ÁR-701:050_1 um 2,5 km norðan við bæ 001. Leiðin er ekki sýnd á herforingjaráðskorti frá 1910 en virðist þó hafa verið fjölfarin, umfangið gefur það til kynna.

Á þessum slóðum er mólendi sem hækkar upp til norðurs að Lyngdalsheiði. Víða eru hæðir en inn á milli lækjarfarvegir og deiglendi.

Leiðin var rakin á alls um 450 m löngum kafla, í gegnum fyrirhugað skógræktarsvæði. Hún hlykkjast til NNV frá leið 050_1, fast austan við stakstætt holt og áfram til norðvesturs að lækjarfarvegi. Þessi leið er umfangsmikil, 15-35 m breið og greina má 5-20 rásir á yfirborði, allar eru þær þó grónar í botninn að mestu. Leiðin sameinast Lyngdalsgötum ÁR-415:047 utan skráningarsvæðis og var ekki skoðuð þar.

Hættumat: mikil hættu, vegna trjáræktar

5. Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar í Lyngdal í Grímsnesi, innan 100 ha deiliskipulagsreits sem upprunalega tilheyrði jörðinni Björk. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í sveitarfélaginu og voru engar minjar þekktar innan deiliskipulags áður en skráningin hófst. Við vettvangsvinnu fundust þrjár fornleifar, í öllum tilvikum leiðir. Í skráningunni voru fornleifar eingöngu skráðar ef þær eða helgunarsvæði þeirra (15 m frá ystu mörkum) voru innan úttektarsvæðis. Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu kannaðar innan úttektarsvæðis.



Mynd 7: Á myndinni er horft til suðurs yfir deiliskráningarsvæðið. Svæðið einkennist af grónu mólendi með holtum og lægðum inn á milli þeirra.

Allar minjarnar sem skráðar voru innan marka skipulags eru leiðir í úthögum. **Leið ÁR-422:024** hlykkjast norðvestur-suðaustur í gegnum skipulagsreitinn og var rakin á um 1 km löngum kafla. Leiðin tengdi saman tvær þjóðleiðir, ÁR-701:050 og ÁR-701:042, en virðist ekki hafa verið fjölfarin. **Þjóðleið ÁR-701:050** er sýnd á herforingjaráðskorti 47 NV sem gert var á árunum 1908-1910. Leiðin klofnar í tvennt landi Bjarkar og eru báðir hlutar innan marka deiliskipulags. Um 150 m eru á milli eystri og vestari hluta leiðarinnar. Leiðin hlykkjast norður-suður og var rakin um 1 km löngum kafla. Hún er víða ógreinileg og gróin í botninn. Leiðin sameinast aftur rétt utan deiliskráningarsvæðisins.

Allar minjarnar sem voru skráðar töldust í stórhættu vegna skógræktar. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra

ráðstafana. Í öllum tilfellum þótti hættan þó hvorki óhjákvæmileg né ófyrstíðanleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Það ætti að vera hægt að hlífa báðum leiðunum með því að taka tillit til þeirra á skipulagsstigi. Ljóst er þó að vandasamt getur verið að ætla að undanskilja litla bletti með minjum innan skógræktar enda hefur skógurinn tilhneigingu til að sá sér og breiða út mörk sín þegar fram líða stundir. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja á þeim svæðum þar sem skógræktaráætlun kann að rekast á við minjastaði.

Heimildir

Birna Lárusdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Grímsnesi III: Fornleifar á jörðum í austurhluta Grímsness auk afreittar*. FS164-99063. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir. 2018. *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi með viðbótum við eldri fornleifaskrá*. FS683-16141. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I*. FS103-99061. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi II*. FS138-99062. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín II. Árnessýsla*. 1918-1921. Kaupmannahöfn, S.L. Möller.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, S. Trier.

SB III: *Sunnlenskar byggðir III*. 1983. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson ritstýrðu. [Selfoss], Búnaðarsamband Suðurlands.

Óútgefnar heimildir

Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Nr. 47. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Jörundur Gauksson, munnleg heimild 21.10.2024

Túnakort 1917-1920. Uppdráttur af túnum í Grímsneshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands.

Viðauki I: Minjakort

